

Selfossi 29.04.2022

Sveitarfélagið Árborg
B/t Bæjarstjóra og bæjarráðs Árborgar

Efni: Beiðni um styrk vegna tekjufalls Umf.Selfoss í kórónuveirufaraldrinum

Með bréfi þessu óskar stjórn Ungmennafélags Selfoss eftir styrk til félagsins vegna tekjufalls deilda á tíma kórónuveirufaraldursins. Umf. Selfoss hefur á þessum erfiðu tímum lagt sig fram um að þjónusta íbúa Sveitarfélagsins Árborgar eftir fremsta megni með sem minnstum röskunum á íþróttastarfi. Lokanir hafa þó oft verið óumflýjanlegar vegna opinberra sóttvarnaráðstafana en við höfum ávallt kappkostað að vera fljót að snúa aftur til hefðbundinnar starfsemi þegar stjórnvöld hafa veitt til þess heimild.

Eins og gefur að skilja hafa samkomutakmarkanir haft gríðarleg áhrif á tekjuöflun deilda og félagsins í heild. Aflýsa hefur þurft fjölmörgum viðburðum og fjáröflunarmótum, félagið þurft að glíma við áhorfendabann eða takmarkanir og eins hafa bakhjarlar félagsins neyðst til að draga saman seglin í veittum styrkjum og auglýsingum. Á móti hefur Umf. Selfoss þurft að standa við sínar skuldbindingar með launa- og verktakagreiðslur ásamt hefðbundnum fastakostnaði.

Frá upphafi faraldursins hefur verið unnið út frá þeim einlæga vilja félagsins að sinna hlutverki sínu í samfélaginu gagnvart íbúum Árborgar og nágrennis. Áhrifa Covid-19 hefur gætt í öllum deildum Umf. Selfoss en áberandi er mesta tjónið í fjölmennustu deildunum, handknattleiks- knattspyrnu og fimleikadeild, enda með starfandi meistaraflokka í harðri samkeppni á landsvísu. Öflugir og vel reknir meistaraflokkar með fyrirmyndum fyrir yngri kynslóðina eru ómetanlegir hverju samfélagi sem vill eflast og vaxa.

Á tímabilinu hafa deildirnar reynt að nýta öll úrræði ríkisstjórnarinnar, eins og hlutabótaleið, ráðningastyrki og eins fékk Umf.Selfoss styrki frá Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands sem dreifðust á allar deildir. Þessi úrræði hrökkva þó skammt og hafa nýst deildunum misvel.

Deildir félagsins hafa tekið saman og áætlað það tekjutjón sem þær hafa orðið fyrir í faraldrinum og er áætluð heildarupphæð **kr. 108.488.457**. Þá er búið að taka tillit til allra styrkja sem deildirnar hafa þegið. Hvernig sú upphæð skiptist á milli deilda má sjá í meðfylgjandi gögnum. Tekið skal fram að allar fjárhæðir sem koma fram er hægt að sannreyna í bókhaldi deildanna undanfarin ár.

Við gerum okkur grein fyrir því að tjónið verður aldrei hægt að bæta að fullu en í ljósi þess sem að framan er getið óskar Ungmennafélag Selfoss eftir því að Sveitarfélagið Árborg veiti ungmennafélaginu styrk vegna tekjufallsins til að brúa bilið að einhverju leyti, til að deildir félagsins komist sem fyrst á eðlilegan rekspöl og geti haldið sem best áfram þeirra glæsilega starfi.

Virðingarfyllt
f.h. Ungmennafélags Selfoss

Björgvin Jóhannesson, framkvæmdastjóri

Knattspyrnudeild

Tapaðar tekjur og viðbótarkostn. 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Olísmót	7.000.000	7.750.000	
Verktakalaun v/framlengingar Íslandsmóts	4.300.000		
Herrakvöld	3.000.000	3.300.000	
Námskeið	585.000		
Stuðningsmannaklúbbur	1.000.000	1.764.000	
Aðgangseyrir	2.700.000	1.200.000	
Styrktaraðilar	6.200.000	5.167.000	
Bikar	2.500.000		
Skilti	2.800.000	3.025.000	
Guðjónsmót	1.000.000	1.000.000	
Samtals	31.085.000	23.206.000	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			54.291.000
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-8.075.935
Samtals tekjutap			46.215.065

Handknattleiksdeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Niðurfelling 3. daga gistimóts barna 10-13 ára:	6.200.000	7.490.000	
Niðurfelling happdrættis og lokahófa yngri og eldri:	3.050.000	3.250.000	
Niðurfelling Unglingalandsmóta 2020 og 2021, sjálfboðavinna	1.500.000	1.500.000	
Fækkun áhorfenda apríl-ded 2020, jan-des 2021 og jan 2022	9.600.000	10.000.000	1.200.000
Brottfall styrktaraðila vegna erfiðleika þeirra	10.500.000	2.350.000	
Niðurfeltt softballmót og skemmtun		800.000	
Samtals	30.850.000	25.390.000	1.200.000
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			57.440.000
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-12.187.802
Samtals tekjutap			45.252.198

Frjálsíþróttadeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Brúarhlaup Selfoss	800.521		
Kótelettan o.fl.	260.000		
Samtals	1.060.521	0	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			1.060.521
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-345.741
Samtals tekjutap			714.780

Júðódeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Styrktaraðili minnkar styrki	130.000		
Aukabjálfun vegna Covid í sumar aukatímar	300.000		
Hópefli Börn styrkt í botn v/covid	35.000		
Mót styrkt í botn fyrir krakka vegna Covid Rúta+gisting Akureyri		60.000	
Mót styrkt í botn fyrir krakka vegna Covid Rúta+gisting HELLA		60.200	
Samtals	465.000	120.200	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			585.200
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-131.270
Samtals tekjutap			453.930

Fimleikadeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Íþróttaskóli	1.923.188	1.939.000	
Nettómót	207.500		
FSÍ mót	2.683.699	2.279.600	
Bikarmót ungl		1.426.500	
Jólasýning	2.069.840	810.431	
17.júní sjoppa	400.000	400.000	
Huppumót (var Nettómót)		797.500	
Samtals	7.284.227	7.653.031	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			14.937.258
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-2.722.802
Samtals tekjutap			12.214.456

Sunddeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Ungbarnasund	468.345		
Aðrar tekjur	1.321.674	742.345	
Samtals	1.790.019	742.345	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			2.532.364
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-413.614
Samtals tekjutap			2.118.750

Taekwondodeild

Tapaðar tekjur 2020, 2021 og 2022	2020	2021	2022
Æfingagjöld	1.448.196		
Landsmót UMFÍ	250.000		
Samtals	1.698.196	0	0
Tapaðar tekjur 2020 og 2021			1.698.196
Stuðningur úr ríkissjóði vegna tekjutaps			-178.918
Samtals tekjutap			1.519.278

Samtals tekjutap allra deilda UMFS vegna Covid

108.488.457 kr